



Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 14. desember 2021 kl. 20:00 – 21:20 á Teams

Mætt / vantar

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri og staðgengill safnstjóra.

Fundargerð

- 1) Safnastefna – vinnuskjal.
 - a) Fyrir fundinum lágu drög að nýrri safnastefnu, bent er á safnaflokkana sérstaklega. Varðveislu og grisjunarstefna tekin til umræðu, í framhaldi verður það sent til Þjóðminjasafns og Safnaráðs. Ljóst er að um stórt verkefni er að ræða og áætlað er að það taki 2 ár. Varðveislu- og grisjunarstefna samþykkt og verður send á föstudaginn.
- 2) Húsnæðismál
 - a) Búið er að tæma Öldugötu 14 yfir á Öldugötu 16, lítið er eftir af skjölum hjá safninu nú og má fara að flytja símasýninguna, stefnt að því að pakka henni í janúar og flytja í febrúar í seinasta lagi.
 - b) Búið er að senda erindi á byggingarfulltrúa Múlapings og óska samþykktar á úrbótum á Vjélsmiðjunni. Samþykkt að fela safnstjóra umboð til að finna verktaka í verkið.
 - c) Skemman, Hafnargata 37, er seld til Hafnarsjóðs, búið er að ganga frá sölnunni sem var uppá 7. milljónir.
- 3) Fjármál og styrkjaumsóknir
- 4) Sótt var um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir 10 milljónir til verkhönnunar á nýju húsi.
 - a) Sent var í dag til aðstoðarmanns ráðherra beiðni vegna reksturs. Beiðni verður send á ráðherra, í fjárlaganefnd, á þingmenn kjördæmisins, starfshóp um málefni Seyðisfjarðar og sveitarstjóra Múlapings.



- b) List í ljósi, sótt var um styrk upp á 500. Þúsund vegna List í ljósi. Um er að ræða verkefni sem sýnir hvernig rafmagn verður til með vatnsafla.
- c) Farið yfir stöðu styrkja vegna ársins 2021 og rekstrarkostnað sem kominn er.
 - i) Uppbyggingarsjóður úthlutun
 - (1) Sameiginlegt varðveisluhús, 800 þúsund
 - (2) Sýning – Maður og náttúra, 1.5 milljónir
 - (3) Heildartúttekt, grisjun og skráning, 1.5 milljónir
 - (4) Smiðjuhátíð 800 þúsund
- 5) Önnur verkefni / Önnur mál
 - a) Byggðaráð mun boða safnið á fund bráðlega, erindið verður sent á stjórnarmenn til ákvörðunar um hverjir mæta fyrir hönd stjórnar á fundinn.
- 6) Næsti fundur verður boðaður eftir áramót.